



Spáum 3,7% verðbólgu í desember

Hagstofan birtir desembermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) þriðjudaginn 22. desember. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,33% hækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir hækkar verðbólgu úr 3,5% í 3,7%.


VNV [hækkaði um 0,04% milli mánaða](#) í nóvember. Óhætt er að segja að mælingin hafi komið mikið á óvart, en opinberar spár lágu á bilinu +0,2% til +0,37%. Við höfðum spáð +0,37%.

Helstu undirliðir:

- **Föt og skór** lækkuðu um 0,7% milli mánaða í nóvember. Við teljum að þetta hafi verið útsöluáhrif vegna sérstakra tilboðsþinga sem munu ganga til baka núna í desember. Við eigum ekki von á að styrking krónunnar síðustu vikur hafi áhrif á desembermælinguna, en áhrifin munu koma fram seinna.
- Við teljum að áhrif húsnæðisverðs á **reiknaða húsaleigu** verði um 0,4 prósentustig til hækkunar og áhrif vaxtabreytinga verði 0,16 prósentustig til lækunar. Samantekið spáum við því að reiknuð húsaleiga hækki um 0,24%.
- **Húsgögn og heimilisbúnaður** hækka alla jafna milli mánaða rétt fyrir jóla vegna aukinnar eftirspurnar. Líkt og með föt og skó, eigum við ekki von á að áhrif af styrkingu krónunnar síðustu vikur verði veruleg í desember, en komi fram seinna.
- Samkvæmt verðmælingu okkar hækkaði **bensín og dísilolía** milli mánaða í samræmi við hækkunir á heimsmarkaðsverði á olíu.
- Eftir að Covid-19-faraldurinn skall á hefur Hagstofan haldið **flugfargjöldum til útlanda** nær óbreyttum. Við eigum von á að svo verði áfram þar til flug til og frá landinu kemst aftur í eðlilegt horf.
- Liðurinn **aðrar vörur og þjónusta** inniheldur meðal annars hreinlætis- og snyrtivörur sem hækka alla jafna rétt fyrir jóla.

Vægi í VNV	Spá		
	Breyting	Áhrif	
Matur og drykkjarv.	15,2%	0,23%	0,04%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,26%	0,01%
Föt og skór	3,5%	1,70%	0,06%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,9%	0,20%	0,03%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,24%	0,04%
Húsgögn og heimilisb.	5,7%	1,16%	0,07%
Heilsa	4,3%	0,33%	0,01%
Ferðir og flutningar (annað)	4,5%	0,07%	0,00%
Kaup ökutækja	6,1%	0,24%	0,01%
Bensín og dísilolía	3,1%	0,70%	0,02%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	-1,00%	-0,01%
Póstur og sími	1,5%	-0,32%	0,00%
Tómst. og menning	10,1%	-0,07%	-0,01%
Menntun	0,5%	-0,26%	0,00%
Hótel og veitingast.	5,0%	0,43%	0,02%
Aðrar vörur og þjónusta	6,5%	0,75%	0,05%
Alls	100,0%		0,33%

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Eigum von á að verðbólgan nái hámarki í janúar

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Jan: -0,60% milli mánaða, 3,9% ársverðbólga
- Feb: +0,52% milli mánaða, 3,5% ársverðbólga
- Mars: +0,26% milli mánaða, 3,5% ársverðbólga

Þetta en nokkuð lægra en síðasta spá sem við birtum, daginn sem Hagstofan birti nóvembermælingu VNV. Við gerum nú ráð fyrir að ársverðbólgan fari hæst í 3,9% í janúar í stað 4,2%. Breytingin skýrist af styrkingu krónunnar undanfarnar vikur.

Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir í spánni eru:

1. Gengi krónunnar

Evran kostar núna 6% minna en í verðkönnunarviku nóvembermánaðar og Bandaríkjadalur 8% minna. Megnið af þessari styrkingu átti sér stað á síðustu tveimur vikum og mun því líklega ekki ná að hafa mikil áhrif á desembermælinguna. Það má þó búast við að áhrifin komi fram næstu mánuði. Gangi þessi styrking hins vegar til baka mun það þýða að verðbólgan verður hærri en við erum að spá. Ef krónan styrkist meira, mun verðbólgan líklega verða lægri en við erum að spá.

2. Húsnæðisverð og áhrif vaxtabreytinga


Vaxtalækkarnir virðast hafa ýtt undir verðhækkarnir á húsnæði. Við gerum ráð fyrir að sú þróun haldi áfram næstu mánuði, þ.e.a.s. að íbúðaverð hækki áfram milli mánaða. Mælingar Hagstofunnar á markaðsverði húsnæðis hafa sveiflast talsvert milli mánaða sem veldur óvissu um stakar mælingar.

Líklegt er að áhrifa vaxtalækkana til lækkunar verðbólgu muni gæta áfram næstu mánuði þar sem gera má ráð fyrir því að lántakendur haldi áfram að endurfjármagna íbúðalán á hagstæðari kjörum.

3. Heimsmarkaðsverð á olíu

Heimsmarkaðsverð á olíu lækkaði verulega þegar heimsfaraldurinn skall á. Frá lokum október hefur olíuverð hins vegar hækkað. Þrátt fyrir þessa hækkun er olíuverð enn undir gildunum sem við sáum fyrir heimsfaraldurinn. Fari olíuverð aftur í


Verðbólguþróun



— Nív - verðkönnunarvika — Nív - eftir birtingu
— Des - verðkönnunarvika

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild


Gengisþróun



— Verðkönnunardagar — EURISK — USDISK

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Mánaðarbreyting VNV



— Annað ótalið — Flugfargjöld til útlanda
 — Bensín — Húsgögn, heimilisb. og fl.
 — Föt og skór — Reiknuð húsaleiga
 — Matur og drykkjarv. — VNV

Des'20 til mar.'21 er spá Hagfræðideildar

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



svipuð gildi mun það skila sér í hærra eldsneytisverði hér á landi.

4. *Alþjóðleg verðbólga*

Útlit er fyrir að verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar verði áfram lág, sem ætti að hjálpa til við að halda verðbólgu hér á landi í skefjum. Verði raunin önnur mun það að öðru óbreyttu þýða meiri verðbólgu en við gerum ráð fyrir.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.